


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	Lyfjafræði LYF 103 Kennsluáætlun vorönn 2015	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennari: María Albína Tryggvadóttir (MAL), netfang: maria@vma.is .

Meginmarkmið:

Að nemandi þekki verkanir og aukaverkanir lyfja í nokkrum stórum lyfjaflokkum og kannist við helstu skammtastærðir þeirra og milliverkanir. Einnig að nemandi kynnist ýmsum mikilvægum þáttum sem tengjast lyfjafræði, s.s. lyfjaskrá, lyfjaformum og frásogi, dreifingu og útskilnaði lyfja.


Áfangalýsing:

Þessi áfangi er blanda af almennri lyfjafræði, lyfjahvarfafræði og lyfhrifafræði. Aðal áherslan er lögð á lyfhrifafræðina, þ.e. lyfjaflokkana. Í áfanganum er farið í helstu maga- og þarmalyf, öndunarfæralyf, húðlyf, tauga- og geðlyf, sykursýkislyf, hjarta- og æðasjúkdómalyf. Einnig er farið almennt í lyfjaskrá og nemandi lærir að leita upplýsinga um lyf í Sérlyfjaskrá. Farið er stuttlega í ATC-flokkunarkerfið og í geymslu og fyrningu lyfja. Útskýrð eru ýmis atriði sem tengjast lyfjafræði, svo sem almenn verkun, staðbundin verkun, aðgengi lyfja “first-pass” áhrif, helmingunartími, læknisfræðilegur stuðull og blóðstyrkskúrfur. Einnig er farið í mismunandi lyfjaform.

Áfangamarkmið

Að loknu námi í áfanganum á nemandi að :

- þekkja helstu grunnhugtök sem tengjast lyfjafræði
- þekkja muninn á samheiti og sérheiti lyfs
- geta leitað upplýsinga í Sérlyfjaskrá og notfært sér þær
- geta gert grein fyrir þeirri ábyrgð sem felst í umgengni við lyf
- þekkja skömmunarferli lyfja
- geta talið upp helstu frásogsstaði lyfja
- þekkja algengustu lyfjaformin og skammstafanir þeirra
- geta útskýrt gerð og kosti langvirkra lyfjaforma
- þekkja helstu lyfin sem notuð eru við brjóstsviða, magabólgu og magasári, verkun þeirra, auka- og milliverkanir og skammtastærðir
- þekkja flokka hægðalyfja og helstu lyfin í hverjun flokki, verkun, auka- og milliverkanir og skammtastærðir
- þekkja öndunarfæralyfin og þá einkum astmalyfin, verkun þeirra, auka- og milliverkanir og skammtastærðir
- þekkja helstu flokka húðlyfja svo sem barkstera og sveppalyf
- þekkja muninn á sterkum og vægum verkjalyfjum, lyfjaheiti, verkun, auka- og milliverkanir og skammtastærðir
- getja útskýrt verkunarmáta bólgueyðandi lyfja
- þekkja helstu róandi lyf og svefnlyf, verkun, auka- og milliverkanir
- þekkja geðdeyfðarlyf og sefandi lyf, verkun þeirra og auka- og milliverkanir
- þekkja helstu flokka blóðþrýstingslækkandi lyfja, lyfjaheiti, verkun og auka- og milliverkanir
- þekkja angínulyf (nítrot), lyfjaheiti, verkun, auka- og milliverkanir
- þekkja þvagræsilyf, verkun, auka- og milliverkanir
- þekkja lyf við sykursýki, bæði týpu I og týpu II, verkun þeirra og auka- og milliverkanir.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	Lyfjafræði LYF 103 Kennsluáætlun vorönn 2015	
Síða 2 af 2		

Lotur	Námsefni	Leseefni og námsmat
1. lota.	Kynning á áfanganum, námsefni og fyrirkomulagi. Almenn verkun / staðbundin verkun / lyfjagjafir / lyfjaform. Helstu grunnhugtök tengd lyfjafræði. Sérlyfjaskrá- Aldraðir og meðferðarheldni.	1.-3. kafli Verkefni
2. lota.	Maga og þarmalyf Verkjalyf / bólgueyðandi lyf	4-5. kafli Verkefni
3. lota.	Öndunarfæralyf Húðlyf Róandi lyf / svefnlyf / geðdeyfðarlyf / sefandi lyf	6-8. kafli Miðannar próf Verkefni
4. lota.	Lyf við hjarta- og æðasjúkdómum, sykursýkislyf Undirbúningur fyrir próf	9-10. kafli Verkefni

Kennari áskilur sér rétt til að gera breytingar á kennsluáætlun.

Námsgögn:

Bók: Lyfjafræði 103, hefti eftir Bryndísi Þóru Þórsdóttur. Tilraunaútgáfa, Reykjavík 2014 (hægt að nota eldri útgáfur).

Annað: Etv. greinar sem tengjast efni áfangans og vefsíður er tengjast efni áfangans.

Námsmat:

Skriflegt: 4 skilaverkefni

Lokapróf: Skriflegt lokapróf í maí.

Annarpróf: eitt annarpróf.

Ef nemandi mætir ekki í annarpróf gildir lokaprófið 80%.

Nemandi þarf að ná 4 á lokaprófi til þess að vetrareinkunn reiknist inn í lokaeinkunn.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils